

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir æskulýðs- og sumarbúðirnar að Ölver í Melasveit, Borgarfjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. nóvember 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir æskulýðs- og sumarbúðirnar að Ölver í Melasveit, Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Æskulýðs- og sumarbúðirnar að Ölver er sjálfseignarstofnun með lögheimili í Melasveit, Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar eru sumarbúðirnar að Ölver ásamt tilheyrandi innbúi og lóðarréttindum. Stofnunin tekur að sér greiðslu áhvilandi skulda.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er starfræksla æskulýðs- og sumarbúða á kristilegum grundvelli, svo og önnur kristileg starfsemi.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð 7 mönnum og 1 til vara frá Akranesi og 1 frá Reykjavík. A. m. k. helmingur stjórnar skal hafa búsetu á Akranesi.

Stjórnina skipa: Krístrún Ólafsdóttir, sem er sjálfkjörin formaður stjórnar ævilangt eða svo lengi sem hún óskar. Fulltrúi K.F.U.M. á Akranesi. Fulltrúi K.F.U.K. á Akranesi. Fulltrúi Skógarmanna K.F.U.M. Fulltrúi Kristniboðsfélags kvenna í Reykjavík. Tveir í viðbót, er Krístrún Ólafsdóttir kveður til í fyrsta sinn.

Stjórnarmeðlimir skulu valdir til þriggja ára og ganga úr tveir og tveir í einu ár hvert og síðar þrjú þriðja hvert ár, í fyrsta sinn eftir hlutkesti.

Stjórn Ölvers kveður til menn í stjórn í stað þeirra, sem úr eiga að ganga, fulltrúa félaganna þó að fengnu samþykki viðkomandi félagsstjórnar. Í fyrsta sinn gegnir Krístrún Ólafsdóttir hlutverki stjórnar við stjórnarskipun.

Fráfarandi stjórnarmeðlimur skal ekki hafa áhrif á skipun í stjórn.

5. gr.

Að öðru leyti en um getur í 4. grein velur stjórnin formann, varaformann, gjaldkera og ritara úr sínum hópi til eins árs í senn. Í atkvæðagreiðslum innan stjórnarinnar ræður einfaldur meirihluti, en ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

6. gr.

Formaður boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim. Ritari heldur gerðabók yfir það, sem gerist á stjórnarfundum. Gjaldkeri annast fjárreiður félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga til úrskurðar á aðalfundi, og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Stjórnin skuldbindur stofnunina með undirskrift eigi færri en 4 stjórnarmeðlima.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok febrúar ár hvert. Að honum loknum skal afrit af starfsskýrslu og reikningum sent stjórnnum félaga þeirra, er fulltrúa eiga í stjórninni.